

102. fundur stjórnar FnS, haldinn í Iðu 14.11.2012 kl. 16.30

Mætt: Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. EQM gæðamat. Gæðahandbók kynnt

Ásmundur Sverrir kynnti. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins bauð út umsjá með gæðamati. Aðilar frá fyrirtækinu BSI, sem fékk verkið, komu í heimsókn og tóku út starfið. Gerðar voru athugasemdir við nokkur atriði og hefur verið brugðist við því. Starfsfólk Fræðslunetsins hefur unnið mikla vinnu á árinu í tengslum við þetta. Vonast er til að gæðavottun liggi fyrir í lok árs. Stjórn þakkar starfsfólki góða vinnu að gæðamálum stofnunarinnar.

2. Sandvíkursetur: fréttir af gangi mála

Fr.kv.stj. kynnti. Verktaki er nokkuð á eftir áætlun með verkið, en þó ekki til neinna vandræða að séð verður. Einhver atriði hafa komið upp í verkinu sem betur mættu fara en það er ekkert sem ekki er hægt að leysa. Stefnt er á kynnisferð um húsnæðið í byrjun desember. Fr.kv.stj. gerði einnig grein fyrir útboði og tilboðum vegna húsbúnaðar í Sandvíkursetri. Í ljós hefur komið að eldhús í fyrra húsnæði Fjölmenntar fylgir ekki með öðrum notuðum húsbúnaði yfir í nýtt húsnæði. FnS mun standa undir kostnaði við uppsetningu eldhúss í Sandvíkursetri en fær kostnaðinn til baka í leiguverði, skv. samningi sem gera þarf þar um.

3. Umsóknir til FA (námsleiðir 2013, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat)

Fr.kv.stj. kynnti. Umsóknir FnS eru talsvert margar til FA og það mun liggja fyrir á næstunni hvaða námskeið verða samþykkt. Um er að ræða námsleiðir, raunfærnimat og til náms- og starfsráðgjafar.

4. Umsókn um viðurkenningu Fræðslunetsins sem framhaldsfræðsluaðila (skv. lögum um framhaldsfræðslu)

Fr.kv.stj. kynnti. Umsókn, upp á 12 síður, hefur verið send til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í umsókninni er gott yfirlit yfir starfsemi FnS. Stjórn þakkar fyrir þessa vönduðu umsókn sem mun nýtast til framtíðar.

5. Umsóknir um styrki (menntamálaráðuneytið, IPA-styrkur)

Fr.kv.stj. kynnti. FnS sækir um styrk með Símenntunarstöðvum Norðurlands vestra og Vesturlands og Vestfjarða til þróunar frumkvöðlafræðslu. Sótt var um þrjá styrki til eflingar starfsmenntunar sl. vor. og nýlega var sótt um styrk fyrir námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna.

6. Sóknaráætlun Suðurlands 20/20

Fr.kv.stj. kynnti. Sóknaráætlun felst m.a. í því að hlutfall íbúa með aðeins grunnskólapróf eða minni menntun verði komið niður í 10% 2020. Unnið er að þessu marki af fullum þunga á Suðurlandi og FnS á sinn fulltrúa í framkvæmdastjórn sóknaráætlunar landshlutans.

7. Námskeið haustsins

Fr.kv.stj. kynnti. Nokkru færri námskeið eru í gangi en undanfarnar annir og því stefnir í minni tekjur en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins. Sum tómsundanámskeið, sem haldin hafa verið reglulega, hafa ekki komist á koppinn á þessari önn, vegna þáttökuleysis. Erfitt er að átta sig á ástæðum þessa. Á móti kemur að einu námskeiði fleira er í gangi af stórum FA námskeiðum en áður. Einnig má nefna stór námskeið, fyrir utan FA námskrár, s.s. Frumkvöðlasmiðjan og Gagn og gaman, en það síðastnefnda er kennt í Rangárþingi á önninni. Nokkur slík stór námskeið vega vel upp á móti nokkrum minni námskeiðum í umfangi. Þá má nefna ýmis örnámskeið sem FnS hefur haldið endurgjaldslaust fyrir þátttakendur í gegnum tíðina og hafa verið vel sótt, og slík námskeið hafa verið haldin á önninni.

8. Önnur mál

a. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita tilboða í jólahlaðborð fyrir stjórn og starfsmenn FnS.

b. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins velur árlega „fyrirmynd í námi fullorðinna“ eftir tilnefningar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. FnS hefur sent FA tilnefningu fyrir sína hönd.

Fundi slitið kl. 18.40